

## Viðbragðsáætlun vegna dreifingar erfðabreyttra plantna/fræja í umhverfið

### Fylgiskjal með umsókn ORF Líftækni hf um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi í tilraunagróðurhúsi Fjölbrautaskóla Suðurlands á Reykjum í Ölfusi

**Tilgangur:** Fræða starfsmenn ORF og tilraunagróðurhússins um hvernig eigi að bregðast við óhappi þar sem erfðabreytt fræ hafa borist út í umhverfið og hvert á að tilkynna um slíkt óhapp.

**Áhætta:** Að erfðabreytt fræ berist í umhverfið – t.d. vegna óhapps í flutningum

**Varúðarráðstafanir:** Vel útbúið lokað flutningsílát, hentugt ökutæki, vandvirkni, varkárni, nákvæmni, gengið vel frá sekkjuðu/plöstuðu korni í þar til gerð hólf/kassa/box/gám.

#### 1. Lýsing á vöktunaráætlunum og -aðferðum:

Fylgst er vel með vexti plantanna og að gróðurhús og ræktunarklefar eru í góðu standi, net í opnanlegum fögum heil, frægildrur í niðurföllum í lagi og dyr inn í ræktunarklefa lokaðar. Jafnframt að það er engin umferð óviðkomandi aðila um rýmið og að merkingar eru í lagi. Daglegt eftirlit er bæði af hálfu starfsmanns tilraunagróðurhússins sem og starfsmanna ORF.

#### 2. Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið

Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið, t.d. vegna óhapps í flutningi, skal tilkynna það ORF Líftækni (Jón Már Björnsson, 8211588) ásamt því að tilkynna það til Umhverfisstofnunnar á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) og/eða í síma 5912000 tafarlaust. Tilkynning til Umhverfisstofnunnar skal innihalda upplýsingar um:

- tildrög slyssins;
- tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem kunna að hafa dreifst í umhverfið;
- allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Viðbrögð við slysi sem felur í sér hættu á dreifingu erfðabreyttra planta í umhverfið;

- starfsmaður skal afmarka svæðið sem lífverurnar (fræin) hafa borist á með sýnilegum hætti.
- starfsmaður skal undir eins byrja að tína saman öll fræ af svæðinu í ílát.
- halda skal merkingum á svæðinu til að hægt sé að fylgjast með því áfram.
- fylgst verður með svæðinu í 2 ár eftir þrif og lok ræktunar til að kanna hvort vart verði við erfðabreyttar plöntur
- verði vart við vöxt erfðabreyttra planta á svæðinu á svæðinu verða þær rifnar upp og fargað eins og ræktunarleyfi gerir ráð fyrir. Einnig má úða svæðið með viðeigandi illgresiseyði ef talin er þörf á því að höfðu samráði við sérfræðinga LbHÍ og yrði það tilkynnt sérstaklega til UST.

Samskonar tilkynningarskylda er ef vart verður við skemmdarverk eða tilraun til skemmdarverka.

16. janúar 2024

/Jón Már Björnsson – ORF Líftækni hf  
Víkurbvarf 7, 203 Kópavogur